



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 12. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 7. október 2015
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður
Jakob Jónsson, aðalmaður
Guðmundur Sigurjónsson, aðalmaður
Erla Ísafold Sigurðardóttir, aðalmaður
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar
Bjarni Þór Einarsson, byggingafulltrúi

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason

Dagskrá:

1. **Æfinga- og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss - Breyting á aðalskipulagi. – 1510002**

Á 30. fundi byggðarráðs Blönduósbæjar sem haldinn var 15. júlí sl. var erindi frá Skotfélaginu Markviss afgreitt á eftirfarandi hátt: Afgreiðslu erindisins var frestað á fundi byggðarráðs þann 2. júní sl. en stjórn Skotfélagsins Markviss óskar eftir að sveitarstjórn geri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins, í þá veru að gert verði ráð fyrir æfinga og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss á núverandi stað (austan flugvallar), og þannig tryggja að aðstaða félagsins verði þar til frambúðar og hægt verði að ráðast í gerð ríffilbrautar. Á fundi sínum þann 2. júní fól byggðaráð byggingafulltrúa að meta hvort sú breyting á skipulagi sem óskað er eftir standist lög og reglur og meti þann kostnað sem að breytingunni hlýst. Í minnisblaði byggingafulltrúa kemur fram að ekki verði séð að neitt banni þessa staðsetningu og að kostnaður við aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingu sé áætlað allt að 1.600.000 auk vsk. Byggðaráð kynnti sér starfsemi og aðstöðu hjá Skotfélaginu Ósmann í Skagafirði þar sem Eyjólfur Þórarinsson, varamaður í stjórn Ósmann, tók á móti byggðaráði og kynnti starfsemina og alla aðstöðu skotfélagsins. Byggðaráð samþykkir erindi Skotveiðifélagsins Markviss og felur byggingarfulltrúa að vinna málið frekar.

Nefndin samþykkir að kynna sér skotfélagssvæði Ósmann í Skagafirði og frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

2. **Norðurá bs. - Umsókn um byggingarleyfi - Vélaskemma - 1509011**

Umsókn um byggingarleyfi fyrir 300 m² vélaskemmu á lóð úr landi Sölvabakka, landnr. 219375. Byggingin er í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag af lóðinni. Erindið er lagt fram til kynningar.

Byggingarfulltrúi kynnti byggingaráformin og fór yfir afgreiðslu málsins.



3. Norðurlandsvegur 4, endurbætur og viðbygging - Umsókn um stækkun á byggingarreit ofl. - 1510001

Sótt er um stækkun á byggingarreit vegna fyrirhugaðara viðbyggingar við norðausturhluta hússins og breytt útlit. Umsókninni fylgja skýringaruppdrættir gerðir hjá Stoð ehf. verkfræðistofu af Magnúsi Ingvarssyni byggingarfræðingi. Númer uppdráttar er A-100 til A-103 í verki nr. 724040, dagsettur í október 2015. Á reitinn kemur létt viðbygging, um 130 m² iðnaðarhús undir þjónustu við vinnuvélar. Húsið verður úr límtré á steiptum grunni, klætt Y1-einingum.

Valgarður Hilmarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins vegna tengsla við umsækjenda. Nefndin samþykkir stækkun byggingarreits samkvæmt meðfylgjandi gögnum og breytt útlit þar með talið niðurrif á útbyggingu á suðurhlíð hússins með fyrirvara um grendarkynningu. Grendarkynna skal framkvæmdina fyrir lóðarhöfum að Norðurlandsvegi 3 og 3b.

4. Mýrarbraut 3 - Umsókn um byggingarleyfi - 1509001

Sótt er um byggingarleyfi til að skipta um glugga með breyttri staðsetningu gluggapósta. Aðaluppdráttur gerður af Þorgils Magnússyni byggingartæknifræðingi, á ábyrgð Atla G. Arnórssonar verkfræðings fylgir umsókninni. Uppdráttur nr. 1502-01-101, dagsettur 08. 09. 2015. Stærð hússins breytist ekki.

Nefndin samþykkir breytt útlit á gluggum.

5. Húnabraut 21 - Lóðarblað - 1510018

Sótt er um breytingu á lóðarstærð úr 1000 m² í 2185 m² lóð samkvæmt meðfylgjandi lóðarblaði dags 7. október 2015, unnið af Stoð ehf.

Nefndin samþykkir breytta lóðarstærð.

6. Umhverfisverðlaun Blönduós bæjar - 1507005

Skipulags- umhverfis og umferðarnefnd Blönduós bæjar veitti umhverfisviðurkenningar á Húnavöku í júlí sl.

Nefndin samþykkir að veita Ola Aadnegard og Stínu Gísladóttur að Mýrarbraut 10 viðkenningu fyrir fegursta garðinn og Vilko ehf. viðurkenningu fyrir snyrtimennsku og umhirðu á lóð fyrirtækisins við Ægisbraut 1.

7. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 5 - 1509002F

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

Byggingarfulltrúi fór yfir afgreiðslur á fundinum.

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 3 - 1507004F

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

Byggingarfulltrúi fór yfir afgreiðslur á fundinum.

9. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 4 - 1508009F

Fundargerðin er lögð fram til kynningar

Byggingarfulltrúi fór yfir afgreiðslur á fundinum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15


